

AÐ RÆKTA MENTORAMENNINGU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, “MENTOR Í SPRETTI” GKY001M

Juan Camilo Roman Estrada, Sprettur, Kennslusvið Háskóli Íslands
juancamilo@hi.is

Lykilorð

I. INNGANGUR

[Verkefnið Sprettur](#) tók að myndast árið 2019, eftir sívaxandi áherslur á aukinn fjölbreytileika og jafnrétti innan háskólasamfélagsins, en Sprettur hefur það markmið að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar og auka fjölbreytni í nemendahópi HÍ. Inntak verkefnisins er umfram allt að jafna tækifæri til menntunar, þannig að ungmenni með ólíkan og fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn fái viðeigandi stuðning til náms. Verkefnið heyrir undir Kennslusvið og lagt er upp með að styðja og undirbúa þátttakendur með innflytjendabakgrunn til náms á háskólastigi, og undirbúa þátttakendur fyrir það verklag og menningu sem þá er gengið inn í, auk þess að styðja við færni þeirra til náms og val á námi. Stuðningur innan verkefnisins er tvíþættur: námslegur og félagslegur.

- Námslegur stuðningur sem þátttakendur fá í gegnum heimavinnuhópa sem eru aðra hvora viku allt skólaárið. Þar koma saman háskólanemendur sem eru svokallaðir mentorar og veita aðstoð við heimavinnu eða öðrum verkefnum sem liggja fyrir hverju sinni.
- Félagslegur stuðningur í gegnum samveru með mentornum sínum sem þátttakendur hitta einu sinni í mánuði og gera eitthvað skemmtilegt saman t. d. að fara á kaffihús, í bíó eða á menningarlega viðburði eða viðburði innan háskólans.

En Sprettur þarf að breyta til að taka betur á móti nemendum með erlendan bakgrunn nú þegar í námi við HÍ

Fjölmargir nemendur með erlendan bakgrunn eru nú þegar í námi við skólann og hefur fjöldi þeirra aukist jafn og þétt [síðustu ár](#). Eitt markmiðið HÍ í lið 1.2. fjallar um stuðning við nemendum af erlendum uppruna í [Jafnréttisáætlun](#) skólans. Þar eru taldar upp aðgerðir sem ætlað er að efla stuðning og stöðþjónustu við nemendum af erlendum uppruna. Ásamt aðgerðum sem fela í sér að efla kennara og þjónustueiningar hvað varðar úrræði og móttöku fyrir margbreytilegra samfélagshópa.

II. AÐFERÐ

Með það markmið að gera Sprettis verkefni sjálfbært og aðgengilegt var nauðsynlegt að þróa og stofna námskeið “Mentor í Spretti” við deild kennslu og menntunarfræði, til að þjálfa háskólanemendur úr ýmsum námsleiðum í fjölmenningar og mentora þekkingu og færni.

Mentorar eru háskólanemar sem vilja láta gott af sér leiða. Markmið hlutverksins er að vera menningarbrúarsmiður og leiðbeinandi í lærdómsferli aðra nemenda í verkefninu Spretti. Sem mentor sinnir hver nemandi því mikilvæga hlutverki að styðja og hvetja ungmenni í námi og félagslífi. Hlutverkið mentor er að skapa uppbyggjandi mentorasambönd við aðra, gera skemmtilega hluti með þeim, sem og taka þátt í sameiginlegum heimavinnuhóp og viðburðum með öllum hópnum. Mentorhlutverkið snýst um tengslamyndun og í þátttöku felst því skuldbinding gagnvart ungmennunum sem mentor styður.

Nemendur í námskeiðinu eru mentorar þátttakenda og eru þeir tengdir saman með hliðsjón af sameiginlegu áhugasviði. Hver mentor ber ábyrgð á að styðja tvo þátttakendur. Mentorar skipuleggja samveru og verja þremur klukkustundum á mánuði (frá ágúst fram í maí) með þátttakendum í Spretti, þremur klukkustundum í mánuði í heimavinnuhópi og mæta í fimm málstofur sem dreifast yfir skólaárið. Nemendur skila dagbókarfærslum á Canvas í nóvember og mars. Dagbókarfærslur byggjast á lesefni og hugleiðingum nemenda um mentorstarfið. Námskeiðið er kennt á íslensku og ensku.

III. NIÐURSTÖÐUR

Eftir háskólaárið 2023-2024 var mikil reynslu söfnuð úr námskeiðinu og Sprettis verkefni.

• „Áður fyrr var ég eins og hægt og rólega titraður laufblaður á trénu, ekki tilbúinn til að vera hluti af fólki eða taka þátt í neinu. En síðan kom Sprettur inn í myndina og allt breyttist. Ég hef nú auðveldara með að taka þátt í samræðum og finn mér sjálfan stundum líka að taka undir spjall með fólki án þess að finna mig óþægilegan. Sprettur hefur styrkt sjálfstraustið mitt og hjálpað mér að bæta andlega heilsu mína. Áður var ég hræddur við að biðja um hjálp, sérstaklega í skólaverkefnum eða undirbúningi fyrir háskóla. En nú hef ég séð að það er í raun ekkert að vera hræddur við að biðja um aðstoð.“ **(nemandi sem útskrifaðist úr Spretti sumar 2024)**

• „Þegar ég hef talað við nemana mína þá veit ég hversu mikilvægir heimavinnuhóparnir eru. Nemarnir hafa ekki endilega (og ólíklega) einhvern heima til að styðja þau við heimanámið sem er sett fyrir á Íslandi. Nemarnir hafa kannski ekki t.d. einhvern til að lesa yfir ritgerðir, hjálpa til við að læra Íslensku o.s.frv. Ég man persónulega eftir því þegar ég byrjaði í framhaldsskóla þar sem ég gat ekki lengur fengið hjálp frá foreldrum mínum við stærðfræði og hvað það var erfitt þó að ég gat fengið hjálp frá þeim í nánast öllum öðrum greinum. Ég get alls ekki ímyndað mér hvernig þetta er fyrir þá sem hafa ekki stuðninginn sem ég hef þegar kemur að heimanámi. Því eru þessir heimavinnuhópar svo ótrúlega mikilvægir og því fleiri sem hafa aðgang að þeim því betra. Það væri algjör draumur ef Sprettur hefði pláss fyrir alla sem geta nýtt sér

verkefnið, eða þá að það séu fleiri verkefni svipuð Spretti á fleiri stöðum á landinu.“ (**ígrundun frá mentor, 2023-2024**).

IV. UMRÆÐUR

Með breytingar á áherslu Sprettis er það nauðsynlegt að finna út fleira leiðir til að rækta menntoramenningu við háskólann. Ein leið er að halda áfram með námskeiðinu “Mentor í Spretti” til þess að veita góð þjálfun og tækifæri til að skapa lærdómssamfélög.

En á sama tíma er það markmið að vikka út þekkingu og hæfni og leita fleira möguleika til þess að þjóna fjölbreyttra hópa: vinnustofur fyrir íslensku stuðning, mentorar fyrir skiptinemar, mentorar fyrir starfsfólk og hugsanlega mentorar úr atvinnulífið.

TILVÍSANIR

Artëm Ingmar Benediktsson, Anna Katarzyna Wozniczka, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2018). Kennsla og stuðningur í íslenskum háskólum: Reynsla innflytjenda. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/05>

Bridging the equality, diversity and inclusion agendas. CoE; Intercultural Cities Programme. Background paper.

<https://rm.coe.int/intercultural-cities-bridging-the-equality-diversity-and-inclusion-age/1680766bd8>

Chance hoch 2. Einsatz für mehr Bildungsgerechtigkeit (e. Commitment to greater educational equality <https://www.uni-due.de/chancehoch2/>

Sprettur. Háskóli Íslands. <https://www.hi.is/sprettur>

Susan Rafik Hama, Artëm Ingmar Benediktsson, Börkur Hansen, Kriselle Lou Suson Jonsdottir, Hanna Ragnarsdóttir (2020). „Formal and informal support at Icelandic universities: experiences of staff members and immigrant students“. [Bnd. 29 Nr. 1 \(2020\): Tímarit um uppeldi og menntun](#)